



Minjastofnun Íslands, Suðurgötu 39, 101 Reykjavík

AFRIT

Reykjavík, 15. febrúar 2013

Tilvísun: 3230

Kári Eiríksson arkitekt  
AOK  
Gunnarssundi 5  
220 Hafnarfirði

### Erindi: Lækjargata 11, Hafnarfirði - viðbygging

Í tölvupósti dags. 14. febrúar 2013 leitar Kári Eiríksson arkitekts álits Minjastofnunar Íslands vegna umsóknar (fyrirspurnar) um leyfi til að reisa 50 fm. viðbyggingu á einni hæð á baklóð hússins nr. 11 við Lækjargötu 11, Hafnarfirði, auk opins tengigangs að stakstæðu útihúsi í jaðri lóðar. skv. teikningum AOK, dags. 1. febrúar 2013.


Lækjargata 11 er tvílyft timburhús með kjallara og lágreistu valmabaki. Samkvæmt Þjóðskrá / Fasteignaskrá er það byggt árið 1907 og er því friðað samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Húsið stendur við norðurbakka Hamarskotslæks og baklóð þess liggur að jaðri hrauns. Það myndar enda húsaradar sem er hluti af einstæðu menningarlandslagi gamla bæjarins í Hafnarfirði, þar sem náttúrulegir staðhættir (hraun og lækur) skapa myndræna heild með húsum og öðrum manngerðum minjum frá fyrri tíð.

Áformuð viðbygging tekur mið af stílgerð eldra hússins: gluggagerð þess, þakformi og hlutföllum. Hún liggur að mestu bak við húsið og hefur því óveruleg áhrif á ásýnd þess frá Lækjargötu. Opna tengibyggingin er sniðin að hlutföllum og formi útihússins og samræmist því vel staðaranda og byggðamynstri svæðisins.

*Ekki er gerð athugasemd við erindið.*

Minjastofnun Íslands leitaði álits Péturs H. Ármannssonar arkitekts við meðferð málsins.

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands

  
Kristín Huld Sigurðardóttir  
forstöðumaður

Afrit:  
Byggðasafn Hafnarfjarðar  
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði